



## **PLAY býður til upplýsingafundar í sumarlok**

Flugfélagið PLAY býður fjárfestum og markaðsaðilum til eftirmiðdagsfundar með stjórnendum félagsins fimmtudaginn 28.september klukkan 15 á Grand Hótel. Dagskrá hefst klukkan 15:15.

Á fundinum munu lykilstjórnendur veita innsýn í rekstur félagsins. Farið verður yfir þann árangur sem félagið hefur náð nú í lok þriðja sumars í rekstri og mat stjórnenda á fjárhagslegri stöðu auk áætlana næstu missera. Þá mun Einar Örn Ólafsson, stjórnarformaður félagsins, fara yfir sýn stjórnar á stöðu félagsins.

Nánari upplýsingar veitir Birgir Olgeirsson, [bo@flyplay.com](mailto:bo@flyplay.com). Vinsamlegast athugið að ekki verður streymt frá fundinum en fundargögn verða aðgengileg að fundi loknum.